

Ár 2016, miðvikudaginn 6. júlí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

Að ákveða laun og starfskjör skólastjóra Lögregluskóla ríkisins

I.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun og starfar samkvæmt lögreglugögum nr. 90/1996 með síðari breytingum. Heyrir því undir kjararáð að ákveða skólastjóra Lögregluskóla ríkisins laun.

II.

Kjararáði barst bréf dagsett 9. desember 2015 frá skólastjóra Lögregluskóla ríkisins þar sem þess er óskað að kjararáð taki launakjör hans til endurskoðunar þannig að þau taki mið af launum lögreglustjóra og sýslumanna. Í bréfinu segir að Lögregluskóli ríkisins beri ábyrgð á allri menntun lögreglumanna, bæði grunnmenntun og framhaldsmenntun og að auki hafi skólinn boðið upp á stjórnunarnám í samvinnu við Endurmenntun Háskóla Íslands þar sem lögreglustjórnir hafi sótt sér aukna menntun. Í bréfinu segir einnig að ráðherra skipi skólastjóra Lögregluskóla ríkisins til fimm ára í senn og skuli hann fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar. Að auki skuli hann hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum. Fram kemur að Lögregluskóli ríkisins sé sjálfstæð stofnun og skólastjóri veiti skólanum forstöðu, en í því felist dagleg stjórnun og ábyrgð á fjárhagslegum rekstri ásamt því að stýra faglegu starfi skólans. Starfrækja beri grunnnámsdeild við skólann sem veiti lögreglumenum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild sem veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun. Skólastjóri tilnefni formann í valnefnd skólans, auglýsi lausar stöður innan hans, ráði stundakennara og skipi í stöður lögreglumanna er starfi við skólann. Fastir kennarar séu lögreglumenn og beri þeir starfsheitin yfirlöggluþjónar og lögreglufulltrúar. Þá stjórnir skólastjóri lögreglumenum í starfsþjálfun á vettvangi. Verkefni skólastjóra séu fjölbreytt og krefjandi. Starfsumhverfi lögreglunnar sé flókið og starfsmenn Lögregluskóla Íslands sinni fjölbreyttum verkefnum á sínu sviði og þurfi ávallt að vera vakandi fyrir nýjungum í löggæslu.

Með bréfum dagsettum 21. desember 2015 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindisins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 11. febrúar 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi lögregluskólans hafi breyst eða aukist frá því kjararáð úrskurðaði síðast um laun skólastjórans að öðru leyti en fram komi í bréfi hans. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör skólastjóra Lögregluskóla ríkisins.

Innanríkisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 20. janúar 2016. Í bréfinu er tekið undir þau sjónarmið að rétt sé að skoða launakjör skólastjóra Lögregluskólans með tilliti til þess hvort þau séu í samræmi við laun forstöðumanna annarra stofnana sem gætu talist sambærilegar hvað varðar stærð og ábyrgðarsvið.

Með bréfi dagsettu 23. febrúar 2016 fékk skólastjóri Lögregluskóla ríkisins send framan- greind bréf ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athuga- semdum við efni þeirra.

Í bréfi skólastjórans dagsettu 2. mars 2016 eru fyrri sjónarmið um endurskoðun launakjara ítrekuð.

III.

Samkvæmt lögglögum nr. 90/1996 skipar innanríkisráðherra skólastjóra Lögregluskóla ríkisins til fimm ára í senn og skal hann fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum. Þannig skal hann, auk almennra skilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins, hafa náð 30 ára aldri, vera íslenskur ríkisborgari, vera svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu, hafa hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjóri verður almennt að njóta. Þá skal hann hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- og meistaraþrófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun sem ætlað er að vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og veita stjórnvöldum ráðgjöf um lögreglumálefni. Skólinn skal starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglunemum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun. Þá tilnefnir skólastjóri Lögregluskólans formann valnefndar skólans, en nefndin velur nema í skólann úr hópi umsækjenda. Skólastjóri Lögregluskóla ríkisins er einn handhafa lögregluvalds.

IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun skólastjóra Lögregluskóla ríkisins en kjaranefnd ákvað honum laun 9. júní 2004. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs. Með vísan til þess innbyrðis samræmis sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir telur kjararáð tilefni til breytinga á launum skólastjórans. Við ákvörðun launa hans var höfð hliðsjón af launakjörum lögreglustjóra og launakjörum skólameistara framhaldsskóla.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun skólastjóra Lögregluskóla ríkisins skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

V.

Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2015 skulu mánaðarlaun skólastjóra Lögregluskóla ríkisins vera samkvæmt launaflokki 502-136, nú 957.296 krónur. Að auki skal greiða honum 25 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Frá 1. janúar til 30. nóvember 2015 er eining 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, síðast 7.818 krónur. Frá 1. desember 2015 er eining 1% af launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör skólastjóra Lögregluskóla ríkisins gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015.

Jónas Þór Guðmundsson

Hulda Árnadóttir

Svanhildur Kaaber